



VIÐSKIPTÁRÁÐ
ÍSLANDS

ÍSLENSKA KRÓNAN

BYRÐI EÐA BLÓRABÖGGULL?

VIÐHORFSKÖNNUN MEÐAL AÐILDARFÉLAGA

ÍSLENSKA KRÓNAN

BYRÐI EÐA BLÓRABÖGGULL?

VIÐHORFSKÖNNUN
MEÐAL AÐILDARFÉLAGA

DESEMBER 2007 - JANÚAR 2008

RITSTJÓRN SKÝRSLU:

**FINNUR ODDSSON
FROSTI ÓLAFSSON
HARALDUR I. BIRGISSON**

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS PAKKAR FÉLÖGUM GÓÐAR
HEMTUR Á SVÖRUM VIÐ KÖNNUN OG DR. PORLÁKI
KARLSSYNI FAGLEGA RÁÐGJÖF VIÐ FRAMKVÆMD
OG ÚRVINNSLU.

©VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS 2008
ISBN: 978-9979-9795-6-2

RIT PETTA MÁ AFRITA MED LEYFI VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

VIÐHORF FÉLAGA VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS TIL FYRIRKOMULAGS GJALDEYRIS- OG PENINGAMÁLA

Eitt mikilvægasta hagsmunamál Íslands í dag er fyrirkomulag peningamála. Þetta endurspeglast í ört vaxandi umræðu um stöðu íslensku krónunnar og afleiðingar núverandi peningastefnu og hagstjórnar fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Til að kanna hug félagsmanna til þessa málefni leitaði Viðskiptaráð Íslands álits félaga á málefnunum sem lúta að hagstjórni og efnahagslegu jafnvægi, áhrifum íslensku krónunnar á rekstur fyrirtækja, gengisvísitölu, evrunni og Evrópusambandinu. Þetta var gert í formi könnunar sem send var félögum í Viðskiptaráði, með tölvupóstí. Það er til marks um áhuga félagsmanna á málefnum að svarhlutfall reyndist riflega 70%, sem er óvenju hátt fyrir þetta form könnunar, sérstaklega þegar haft er í huga að í úrtakinu voru eingöngu æðstu stjórnendur eða forsvarmenn íslenskra fyrirtækja.

Óábyrg fjármálastjórni hins opinbera

Það er auðsætt af svörum þáttakenda að mikil óvissa ríkir um framtíð íslensku krónunnar og hvort það teljist hagfellt fyrir íslenskt viðskiptaumhverfi að henni sé við haldið. Fleiri eru andvígir en hlynntir núverandi fyrirkomulagi gjaldeyris- og peningamála en þar spilar ójafnvægi í efnahagslífi, með verðbólgu, gengissveiflum, háu raungengi og vaxtastigi stórt hlutverk. Félagar líta almennt svo á að fjármálastjórni hins opinbera hafi verið óábyrg og að þar sé frekar að leita skýringa á núverandi stöðu en í hagstjórni Seðlabanka Íslands. Verkefni Seðlabankans er að halda niðri verðbólgu með þeim verkfærum og ramma sem bankanum eru sniðin. Það getur reynst erfitt þegar tímsetningar skattalækkana eða stórframkvæmda hjá hinu opinbera henta ekki ástandi efnahagslífsins á hverjum tíma. Félagar Viðskiptaráði telja mikilvægasta verkefni stjórnvalda að halda verðbólgu í skefjum og hagvexti stöðugum. Hvoru tveggja setja þeir framar í forgangsröðuninni en að tryggja lágt vaxtastig, draga úr gengissveiflum og lágmarka atvinnuleysi. Þessi forgangsröðun forsvarmanna fyrirtækja kemur hugsanlega ekki á óvart, en það er athyglisvert að áherslur hins opinbera hafa töluvert verið á skjön við áherslur viðskiptalífsins. Í það minnsta er ljóst að aðgerðir ríkis og sveitarfélaga hafa leitt til umtalsverðrar verðbólgu sem hefur mælst yfir markmiði í vel á fjórða ár.

Viðbótarkostnaður vegna krónunnar

Félagar í Viðskiptaráði líta almennt svo á að fyrirtæki þeirra verði fyrir viðbótarkostnaði vegna íslensku krónunnar, umfram það sem væri með annarri mynt. Slíkur kostnaðarauki verður til vegna ófyrirsjánlegra gengissveiflna, hás fjármagnskostnaðar, viðskiptakostnaðar, dýrra gengisvarna og hás raungengis. Gera má ráð fyrir að sá aukni kostnaður sem íslenska krónan veldur hafi í för með sér skerta samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðavettvangi, vegna hærra kostnaðarhlutfalls en tíðkast í sambærilegum rekstri annarstaðar en á Íslandi. Að auki dregur íslenska krónan umtalsvert úr áhuga erlendra fjárfesta á íslenskum félögum, sem mörg hver hafa á síðustu misserum leitast við að dreifa eignarhaldi umfram það sem nú er. Hvoru tveggja dregur úr samkeppnishæfni íslensks viðskiptalífs og að því leyti er ljóst að líta má á íslensku krónuna sem byrði.

Fyrirtæki vilja taka upp aðra mynt

Það er því ekki að undra að umræðan um evru sem mögulegan gjaldmiðili á Íslandi hafi fengið byr undir báða vængi á undanförnum misserum. Ef marka má niðurstöður könnunar Viðskiptaráðs og fyrri kannana á vegum Samtaka Iðnaðarins, þá er svo komið að forsvarmenn meirihluta íslenskra fyrirtækja eru hlynntir því að hér verði tekinn upp annar lögeyrir en íslenska krónan. Þó svo viðhorf almennings séu ekki eins afgerandi og forsvaramanna fyrirtækja, þá eru þau af svipuðum toga. Í könnun Gallup frá í ágúst 2007 var riflega helmingur þjóðarinnar hlynntur upptöku evru.

Evra kemur helst til greina

Nokkrar leiðir til upptöku annars gjaldmiðils hafa verið reifaðar síðustu misseri. Þó svo aðrir gjaldmiðlar hafi verið nefndir til sögunnar, er áherslan mest á upptöku evru, sem er eðlilegt í ljósi umfangs viðskipta Íslendinga á evrusvæðinu. Það er skoðun meirihluta félaga Viðskiptaráðs að ef íslensk stjórnvöld ákveða að taka upp annan opinberan gjaldmiðil, þá komi evran helst til greina. Þá annaðhvort með einhliða upptöku evru án aðildar að evrópska myntbandalaginu eða með upptöku evru og aðild að myntbandalaginu í kjölfar inngöngu í Evrópusambandið. Félagar Viðskiptaráðs skiptast í tvær jafnar fylkingar um það hvor leiðin er heppilegri, einhliða upptaka eða upptaka með aðild að Evrópusambandinu. Það kemur því nokkuð á óvart að riflega helmingur félaga er andvígur umsókn um aðild að Evrópusambandinu og einungis þriðjungur félaga fylgjandi henni. Þessi niðurstæða er á skjön við kannanir Samtaka lðnaðarins, en félagar þeirra eru frekar hlynntir en andvígir aðildarumsókn. Andstaða félaga Viðskiptaráðs við aðildarumsókn er sérstaklega áberandi hjá stærri fyrirtækjum og fyrirtækjum í sjávarútvegi. Ítrekað hefur komið fram að framkvæmd sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins er um margt gölluð og að íslenskt fiskveiðistjórnunarkerfi taki henni töluvert fram. Ennfremur má leita skýringa á þessum niðurstöðum í umræðu um fullveldi Íslands og umráðarétt yfir auðlindum.

Pörf á opinni og kraftmikilli umræðu

Í ljósi mikilvægis gjaldeyris- og peningamála er brýnt að hér fari fram opin og kraftmikil umræða um kosti og galla núverandi fyrirkomulags peningamála og áhrif þess ef skipt væri um mynt. Það er von Viðskiptaráðs Íslands að niðurstöður þessarar könnunar og efni skýrslu Viðskiptaþings 2008, „Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull?“ reynist lóð á vogarskálar skjótrar og upplýstrar ákvörðunartöku um eitt stærsta hagmunamál sem íslenska þjóðin hefur staðið frammi fyrir um langa hríð.

LÝSING Á KÖNNUN

Markmið: Könnunin var unnin fyrir Viðskiptaráð Íslands til að kanna afstöðu félaga til stjórnar peningamála og stöðu íslensku krónunnar.

Aðferð og framkvæmd: Vefkönnun var send með tölvupósti af Outcome ehf. Unnið var úr gögnum af Viðskiptaráði Íslands. Ekki var hægt að rekja svör til tiltekinna svaraenda.




Tímabil framkvæmdar: 20. desember 2007 til 18. janúar 2008. Ítrekun var send tvívegis, það er dagana 2. og 14. janúar 2008.

Úrtak og svarhlutfall: Í upphaflegu úrtaki voru 263¹ félagar Viðskiptaráðs og var könnunin send á æðsta yfirmann viðkomandi félags eða staðgengil hans. Svör bárust frá 186 félögum, sem er 70,5% svarhlutfall.

Spurningar: Tíu spurningar og fjórar greiningarbreytur, sem voru eftirfarandi:


- Stærð fyrirtækis talin í veltu (þrír flokkar)
- Atvinnugrein (sex flokkar)
- Nánari lýsing á starfsemi (fjórir flokkar)
- Núverandi uppgjörsmýnt (tveir flokkar)

SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA




¹ Félagar í Viðskiptaráði þegar könnun var framkvæmd voru 293. Könnunin var send á alla þá sem höfðu rétt netfang á skrá hjá Viðskiptaráði, eða samtals 264.

ÍSLENSKA KRÓNAN: BYRÐI EÐA BLÓRBÖGGULL?




SPURNING 4b

Ástæður viðbótarkostnaðar vegna íslensku krónunnar




SPURNING 5

Spá um jafnvægi gengivísitölu íslensku krónunnar




Mat á hagvexti síðustu sex ára ef evra hefði verið gjaldmiðill í stað íslenskrar krónu




SPURNING 7

Viðhorf til upptökum annars lögeyris en íslenskrar krónu




Leið til upptökum annarrar myntar en íslensku krónunnar



SPURNING 8

Viðhorf til umsóknar Íslands um aðilda að Evrópusambandinu




Forgangsröðun verkefna sem skipta velferð íslensks hagkerfis máli (1 = mikilvægast)

ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR

Spurning 1. Í dag hefur Ísland eigin gjaldmiðil, íslensku krónuna, með fljótandi gengistefnu og Seðlabankinn starfar eftir verðbólgygumarkmiðum. Ertu sátt(ur) eða ósátt(ur) við þetta fyrirkomulag gjaldeyris- og peningamála?

Meiri hluti þeirra sem tók afstöðu, um 47%, var ósáttur við fyrirkomulag gjaldeyris- og peningamála en um 31% var sátt við fyrirkomulagið. Neikvæð afstaða til fljótandi gengisstefnu með verðbólgygumarkmiðum var frekar áberandi hjá fyrirtækjum í iðnaði (57%) og sjávarútvegi (62%). Einnig var afstaða fjölbjóðlegra fyrirtækja (54%) og þeirra sem gera upp í erlendri mynt (52%) frekar neikvæð í garð númerandi fyrirkomulags.




Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sátt(ur)	14	7.5%
Fremur sátt(ur)	44	23.7%
Hvorki sátt(ur) né ósátt(ur)	41	22.0%
Fremur ósátt(ur)	53	28.5%
Mjög ósátt(ur)	34	18.3%
Sátt(ur)	31.2%	
Hvorki né		22.0%
Ósátt(ur)	46.8%	
Fjöldi svara	186	100%

Ársvelta	Fjöldi	Sátt(ur)	Hvorki né	Ósátt(ur)	Meðaltal
Undir 999 milljónum	58	27.6%	24.1%	48.3%	3.3
1.000-4.999 milljónir	69	34.8%	23.2%	42.0%	3.1
5.000 milljónir eða meiri	57	31.6%	17.5%	50.9%	3.4
Atvinnugrein					
Iðnaði og framleiðslu	28	28.6%	14.3%	57.1%	3.4
Sjávarútvegi	13	30.8%	7.7%	61.5%	3.6
Verslun og þjónustu	52	30.8%	28.9%	40.4%	3.2
Fjármálum eða ráðgjöf	47	31.9%	21.3%	46.8%	3.3
Upplýsingatækni eða fjarskiptum	15	20.0%	26.7%	53.3%	3.5
Aðrar atvinnugreinar	26	34.6%	23.1%	42.3%	3.0
Lýsir starfsemi best					
Eingöngu eða mest í útflutningi	25	28.0%	20.0%	52.0%	3.5
Eingöngu eða mest í innflutningi	30	33.3%	20.0%	46.7%	3.3
Fjölbjóðlegt fyrirtæki, þ.e. er með starfsemi í fleiri en einu landi	57	28.1%	17.5%	54.4%	3.5
Fyrirtækið starfar eingöngu á innlendum markaði	72	34.7%	25.0%	40.3%	3.0
Uppgjörsmárt					
Íslenskum krónum (ISK)	165	32.7%	21.2%	46.1%	3.2
Aðrir gjaldmiðlar	21	19.1%	28.6%	52.4%	3.6

Spurning 2. Myndir þú segja að hagstjórn Seðlabanka Íslands hafi aukið eða dregið úr efnahagslegu jafnvægi eða hefur hagstjórn hans ekki skipt máli?


Stór hluti félaga Viðskiptaráðs lítur svo á að hagstjórn Seðlabanka Íslands hafi aukið efnahagslegt jafnvægi á Íslandi, eða um 45%. Starri hluti telur þó að hagstjórn bankans hafi annaðhvort ekki skipt máli (29%) eða að hún hafi dregið úr efnahagslegu jafnvægi (26%). Viðhorf til hagstjórnar Seðlabankans eru almennt neikvæðari í sjávarútvegi en um 77% í þeiri atvinnugrein telja bankann hafa dregið úr jafnvægi með aðgerðum sínum eða að þær hafi ekki skipt máli. Einnig virðast forsvarsmenn fyrirtækja sem gera upp í erlendri mynt (38%) frekar líta svo á að aðgerðir Seðlabankans hafi dregið úr jafnvægi en forsvarsmenn fyrirtækja sem gera upp í íslenskum krónum (25%).



Ársvelta	Fjöldi	Aukið efnahagslegt jafnvægi	Ekki skipt máli	Dregið úr efnahagslegu jafnvægi	Meðaltal
Undir 999 milljónum	58	43.1%	31.0%	25.9%	1.8
1.000-4.999 milljónir	69	44.9%	23.0%	26.1%	1.8
5.000 milljónir eða meiri	57	45.6%	28.1%	26.3%	1.8
Atvinnugrein					
Iðnaði og framleidslu	28	39.3%	25.0%	35.7%	2.0
Sjávarútvegi	13	23.1%	23.1%	53.9%	2.3
Verslun og þjónustu	52	48.1%	38.5%	13.5%	1.7
Fjármálum eða ráðgjöf	47	51.1%	21.3%	27.7%	1.8
Upplýsingataekni eða fjarskiptum	15	26.7%	33.3%	40.0%	2.1
Aðrar atvinnugreinar	26	46.2%	34.6%	19.2%	1.7
Lýsir starfsemi best					
Eingöngu eða mest í útflutningi	25	40.0%	24.0%	36.0%	2.0
Eingöngu eða mest í innflutningi	30	46.7%	26.7%	26.7%	1.8
Fjölbjóðlegt fyrirtæki, þ.e. er með starfsemi í fleiri en einu landi	57	42.1%	26.3%	31.6%	1.9
Fyrirtækið starfar eingöngu á innlendum markaði	72	47.2%	33.3%	19.4%	1.7
Uppgjörsmynt					
Íslenskum krónum (ISK)	165	44.9%	30.3%	24.9%	1.8
Aðrir gjaldmiðlar	21	42.9%	19.1%	38.1%	2.0

Spurning 3. Myndir þú segja að fjármálastjórn hins opinbera hafi aukið eða dregið úr efnahagslegu jafnvægi eða hefur fjármálastjórn þess ekki skipt máli?

Verulegur meirihluti svarenda, eða um 65%, telur fjármálastjórn hins opinbera hafa dregið úr efnahagslegu jafnvægi og 13% telja hana ekki hafa skipt máli. Þetta viðhorf er mest áberandi hjá forsvarsmönnum fyrirtækja í sjávarútvegi (85%) og fjármálaþjónustu (81%).



Ársvelta	Fjöldi	Aukið efnahagslegt jafnvægi	Hefur ekki skipt máli	Dregið úr efnahagslegu jafnvægi	Meðaltal
Undir 999 milljónum	58	24.1%	19.0%	56.9%	2.3
1.000-4.999 milljónir	69	20.6%	13.2%	66.2%	2.5
5.000 milljónir eða meiri	57	22.8%	5.3%	71.9%	2.5
Atvinnugrein					
Íðnaði og framleiðslu	28	35.7%	14.3%	50.0%	2.1
Sjávarútvegi	13	15.4%	0.0%	84.6%	2.7
Verslun og þjónustu	52	26.9%	7.7%	65.4%	2.4
Fjármálum eða ráðgjöf	47	4.3%	14.9%	80.9%	2.8
Upplýsingatækni eða fjarskiptum	15	26.7%	13.3%	60.0%	2.3
Aðrar atvinnugreinar	26	28.0%	20.0%	52.0%	2.2
Lýsir starfsemi best					
Eingöngu eða mest í útflutningi	25	40.0%	4.0%	56.0%	2.2
Eingöngu eða mest í innflutningi	30	26.7%	20.0%	53.3%	2.3
Fjölbjóðlegt fyrirtæki, þ.e. er með starfsemi í fléiri en einu landi	57	15.8%	14.0%	70.2%	2.5
Fyrirtækið starfar eingöngu á innlendum markaði	72	19.7%	11.3%	69.0%	2.5
Uppgjörsmynt					
Íslenskum krónum (ISK)	165	21.2%	12.7%	66.1%	2.5
Aðrir gjaldmiðlar	21	30.0%	15.0%	55.0%	2.3

Spurning 4a. Verður fyrirtækið fyrir viðbótarkostnaði vegna íslensku krónunnar umfram það sem væri með annari mynt eða verður það ekki fyrir viðbótarkostnaði?

Ríflæga 60% aðspurðra telur fyrirtæki sitt verða fyrir aukakostnaði vegna íslensku krónunnar, umfram það sem væri með annari mynt. Þetta viðhorf er meira áberandi hjá fyrirtækjum með ársveltu yfir 5 milljörðum (74%) en þeim sem smærri eru og hjá fyrirtækjum í iðnaði og framleiðslu (79%). Innflutningsfyrirtæki (77%) og fyrirtæki sem skilgreina sig sem fjölbjóðleg (72%), auk þeirra sem gera upp í erlendri mynt (71%), virðast einnig frekar verða fyrir viðbótarkostnaði en þau sem starfa eingöngu hérlandis (46%) eða gera upp í íslenskum krónum (60%).

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Já, viðbótar kostnaður	114	61.3%
Nei, ekki viðbótar kostnaður	72	38.7%
Alls	186	100%




Ársvelta	Fjöldi	Já, viðbótar kostnaður	Nei, ekki viðbótar kostnaður	Meðaltal
Undir 999 milljónum	58	55.2%	44.8%	1.5
1.000-4.999 milljónir	69	55.1%	44.9%	1.5
5.000 milljónir eða meiri	57	73.7%	26.3%	1.3
Atvinnugrein				
Iðnaði og framleiðslu	28	78.6%	21.4%	1.2
Sjávarútvegi	13	61.5%	38.5%	1.4
Verslun og þjónustu	52	57.7%	42.3%	1.4
Fjármálum eða ráðgjöf	47	61.7%	38.3%	1.4
Upplýsingatækni eða fjarskiptum	15	66.7%	33.3%	1.3
Aðrar atvinnugreinar	26	50.0%	50.0%	1.5
Lýsir starfsemi best				
Eingöngu eða mest í útflutningi	25	64.0%	36.0%	1.4
Eingöngu eða mest í innflutningi	30	76.7%	23.3%	1.2
Fjölbjóðlegt fyrirtæki, þ.e. er með starfsemi í fleiri en einu landi	57	71.9%	28.1%	1.3
Fyrirtækið starfar eingöngu á innlendum markaði	72	45.8%	54.2%	1.5
Uppgjörsmynt				
Íslenskum krónum (ISK)	165	60.0%	40.0%	1.4
Aðrir gjaldmiðlar	21	71.4%	28.6%	1.3

Spurning 4b. Ef já í spurningu 4a, hvert af eftirtöldu skapar fyrirtækinu kostnað? Merktu við allt sem á við um fyrirtækið.

þeir sem töldu fyrirtæki sitt verða fyrir viðbótarkostnaði vegna íslensku krónunnar voru beðnir að tiltaka nánar í hverju hann fælist. Ófyrirsjánlegar gengisveiflur voru oftast nefndar (83%), en einnig hár fjármagnskostnaður (74%) og almennur viðskiptakostnaður (62%). Gengisveiflur leiða til dýrra og óskilvirkra gengisvarna (56%), en margir töldu bókhaldslegt ógagnsæi (35%) og hátt raungengi (36%) einnig til trafala.

Til viðbótar við ofangreindar ástæður fyrir auknum kostnaði þá nefndu þáttakendur (í opinni spurningu) að íslenska krónan væri hindrun fyrir erlendri fjárfestingu í íslenskum félögum, sem væri ókostur því breiðara eignarhald tryggði liflegri viðskipti með íslensk hlutabréf. Aðrir bentu á að erfitt væri að halda stöðugleika í rekstri með þeim tíðu verðbreytingum sem verða á innflutningsvöru vegna gengissveiflna.



SPURNING 4b
Ástæður viðbótarkostnaðar vegna íslensku krónunnar

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Hátt raungengi	41	36%
Verra aðgengi að fjármagni	30	27%
Dýrar eða óskilvirkar gengisvarnar	65	58%
Skert aðgengi að erlendum sérfraðingum	5	4%
Hár fjármagnskostnaður	83	74%
Ófyrirsjánlegar gengisveiflur	94	83%
Aukinn viðskiptakostnaður	70	62%
Sveiflur í skattbyrði	14	12%
Bókhaldslegt ógagnsæi	39	35%
Annað => Hvað?	6	5%
Alls	447	100%


9

Ársvelta	Fjöldi	Sniðmengi svara	Hátt raungengi	Verra aðgengi að fjármagni	Dýrar eða óskilvirkar gengisvarnar	Skert aðgengi að erlendum sérfraðingum	Hár fjármagnskostnaður	Ófyrirsj. gengisveiflur	Aukinn viðskiptakostnaður	Sveiflur í skattbyrði	Bókhaldslegt ógagnsæi	Annað => Hvað?
Undir 999 milljónum	58	113	15.0%	8.9%	8.0%	0.9%	18.6%	23.9%	17.7%	0.0%	5.3%	1.8%
1.000-4.999 milljónir	69	163	8.0%	6.1%	16.6%	1.2%	17.2%	19.6%	15.3%	4.9%	9.8%	1.2%
5.000 milljónir eða meiri	57	167	6.6%	6.0%	16.8%	1.2%	19.2%	20.4%	15.0%	3.6%	10.2%	1.2%
Atvinnugrein												
Iðnaði og framleiðslu	28	88	12.5%	6.8%	13.6%	2.3%	15.9%	20.5%	15.9%	4.6%	5.7%	2.3%
Sjávarútvegi	13	40	12.5%	2.5%	12.5%	0.0%	15.0%	20.0%	15.0%	5.0%	15.0%	2.5%
Verslun og þjónustu	52	117	6.0%	3.4%	16.2%	0.0%	18.0%	23.1%	16.2%	5.1%	9.4%	2.6%
Fjármálum eða ráðgjöf	47	116	9.5%	10.3%	11.2%	0.9%	20.7%	19.8%	19.0%	1.7%	6.9%	0.0%
Upplýsingatækni eða fjarþíptum	15	41	4.9%	9.8%	17.1%	4.9%	14.6%	24.4%	9.8%	0.0%	14.6%	0.0%
Aðrar atvinnugreinar	26	39	12.8%	5.1%	20.5%	0.0%	25.6%	20.5%	10.3%	0.0%	5.1%	0.0%
Lýsir starfsemi best												
Eingöngu eða mest í útfloftningi	25	70	15.7%	5.7%	10.0%	1.4%	14.3%	20.0%	15.7%	4.3%	10.0%	2.9%
Eingöngu eða mest í innflutningi	30	86	4.7%	2.3%	18.6%	1.2%	19.8%	23.3%	15.1%	3.5%	9.3%	2.3%
Fjölpjöldlegt fyrirtæki, þ.e. er með starfsemi í fleiri en einu landi	57	166	10.2%	9.0%	12.7%	1.8%	15.7%	21.1%	15.1%	3.0%	10.2%	1.2%
Fyrirtækið starfar eingöngu á innlendum markaði	72	123	7.3%	7.3%	16.3%	0.0%	23.6%	20.3%	17.1%	2.4%	5.7%	0.0%
Uppgjörsmýnt												
Íslenskum krónum (ISK)	165	382	7.9%	6.3%	15.7%	0.5%	20.2%	21.2%	15.7%	3.1%	8.4%	1.1%
Aðrir gjaldmiðlar	21	65	16.9%	9.2%	7.7%	4.6%	9.2%	20.0%	15.4%	3.1%	10.8%	3.1%

Spurning 5. Hvar telur þú að almennt jafnvægi gengisvísitölu íslensku krónunnar muni liggja til lengri tíma?

Um 80% af þeim sem svöruðu töldu jafnvægisgengi krónunnar liggja á bilinu 120-134 og þar af rúmlega þriðjungur á bilinu 125-129 (bilin á súluritinu voru svarkostir í spurningunni). Eftir því sem fyrirtæki eru stærri, þeim mun hærra töldu þáttakendur að jafnvægisgengið myndi liggja. Til að mynda töldu aðeins 46% fyrirtækja með með ársveltu undir einum milljarði að jafnvægið myndi liggja yfir 124 á meðan 84% aðspurðra hjá stórum fyrirtækjum (velta yfir 5 milljörðum) töldu jafnvægið liggja þar yfir. Að sama skapi er töluverður munur á væntingum um jafnvægisgengi krónunnar eftir atvinnugreinum, en 74% svarenda úr fjármálageira og ráðgjöf og allir (100%) þáttakendur úr sjávarútvegi töldu að jafnvægið lægi yfir 124.

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Undir 110	1	1%
110 til 114	12	7%
115 til 119	14	8%
120 til 124	39	22%
125 til 129	66	37%
130 til 134	37	21%
135 til 139	3	2%
140 eða yfir	6	3%
Alls	178	100%




SPURNING 5
Spá um jafnvægi gengisvísitölu íslensku krónunnar

Ársvelta	Fjöldi	Sniðmengi svara	Undir 110	110 til 114	115 til 119	120 til 124	125 til 129	130 til 134	135 til 139	140 eða yfir
Undir 999 milljónum	58	54	1.9%	11.1%	13.0%	27.8%	24.1%	20.4%	0.0%	1.9%
1.000-4.999 milljónir	69	67	0.0%	9.0%	7.5%	25.4%	35.8%	16.4%	3.0%	3.0%
5.000 milljónir eða meiri	57	55	0.0%	0.0%	3.6%	12.7%	50.9%	25.5%	1.8%	5.5%
Atvinnugrein										
Iðnaði og framleiðslu	28	25	0.0%	4.0%	8.0%	40.0%	28.0%	16.0%	4.0%	0.0%
Sjávarútvegi	13	13	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	38.5%	30.8%	15.4%	15.4%
Verslun og þjónustu	52	49	0.0%	10.2%	8.2%	24.5%	42.9%	14.3%	0.0%	0.0%
Fjármálum eða ráðgjöf	47	46	2.2%	4.4%	4.4%	15.2%	45.7%	21.7%	0.0%	6.5%
Upplýsingatækni eða fjarskiptum	15	15	0.0%	0.0%	13.3%	20.0%	40.0%	26.7%	0.0%	0.0%
Aðrar atvinnugreinar	26	25	0.0%	16.0%	16.0%	28.0%	16.0%	20.0%	0.0%	4.0%
Lýsir starfsemi best										
Eingöngu eða mest í útflutningi	25	25	4.0%	8.0%	8.0%	16.0%	32.0%	16.0%	8.0%	8.0%
Eingöngu eða mest í innflutningi	30	28	0.0%	3.6%	10.7%	28.6%	42.9%	14.3%	0.0%	0.0%
Fjölbjóðlegt fyrirtæki, þ.e. er með starfsemi í fleiri en einu landi	57	54	0.0%	5.6%	9.3%	13.0%	40.7%	22.2%	1.9%	7.4%
Fyrirtækið starfar eingöngu á innlendum markaði	72	69	0.0%	8.7%	5.8%	29.0%	33.3%	23.2%	0.0%	0.0%
Uppgjörsmátt										
Íslenskum krónum (ISK)	165	160	0.6%	6.9%	7.5%	21.9%	38.1%	20.0%	1.9%	3.1%
Aðrir gjaldmiðlar	21	18	0.0%	5.6%	11.1%	22.2%	27.8%	27.8%	0.0%	5.6%

Spurning 6. Telur þú að hagvöxtur á Íslandi hefði verið hærri eða lægri undanfarin sex ár (frá því að tekið var upp flotgengi) ef evra hefði verið gjaldmiðillinn í stað krónu?

Þátttakendur voru beðnir um að meta áhrif krónunnar á hagvöxt síðustu ár. Álíka margir litu svo á að hagvöxtur hefði verið lægri (36%) ef evra hefði verið gjaldmiðill og þeir sem töldu hann hefði orðið hærri (37%). Rúmlega fjórðungur (27%) taldi það ekki hafa skipt máli um hagvöxt að hafa evru í stað krónu. Ekki var mikill munur á viðhorfum eftir stærð fyrirtækja eða uppgjörsmýnt, en hjá fyrirtækjum í upplýsingataekni og fjarskiptum (60%) er litið svo á að hagvöxtur hefði verið hærri með evru sem gjaldmiðil síðustu ár.




Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mun hærri	9	5.0%
Nokkru hærri	58	31.9%
Um það bil óbreyttur	50	27.5%
Nokkru lægri	54	29.7%
Mun lægri	11	6.0%
Hærri	182	36.8%
Um það bil óbreyttur		27.5%
Lægri		35.7%
Alls	182	100%

Ársvelta	Fjöldi	Hærri	Um það bil óbreyttur	Lægri	Meðaltal
Undir 999 milljónum	58	32.8%	25.9%	41.4%	3.1
1.000-4.999 milljónir	69	44.8%	26.9%	28.4%	2.9
5.000 milljónir eða meiri	57	29.1%	30.9%	40.0%	3.1
Atvinnugrein					
Iðnaði og framleiðslu	28	50.0%	23.1%	26.9%	2.9
Sjávarútvegi	13	23.1%	46.2%	30.8%	2.9
Verslun og þjónustu	52	34.6%	25.0%	40.4%	3.1
Fjármálum eða ráðgjöf	47	34.8%	32.6%	32.6%	3.0
Upplýsingataekni eða fjarskiptum	15	60.0%	20.0%	20.0%	2.5
Aðrar atvinnugreinar	26	23.1%	26.9%	50.0%	3.3
Lýsir starfsemi best					
Eingöngu eða mest í útflutningi	25	32.0%	32.0%	36.0%	2.9
Eingöngu eða mest í innflutningi	30	40.0%	26.7%	33.3%	3.0
Fjölbjóðlegt fyrirtæki, þ.e. er með starfsemi í fleiri en einu landi	57	43.6%	25.5%	30.9%	2.9
Fyrirtækið starfar eingöngu á innlendum markaði	72	31.4%	28.6%	40.0%	3.1
Uppgjörsmýnt					
Íslenskum krónum (ISK)	165	35.8%	26.5%	37.7%	3.0
Aðrir gjaldmiðlar	21	45.0%	35.0%	20.0%	2.8

Spurning 7. Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) eru því að Íslendingar taki upp annan lögeyri en krónuna?

Verulegur meirihluti fulltrúa félaga Viðskiptaráðs, eða 63%, er fylgjandi því að Íslendingar taki upp annan lögeyri en krónuna. Þetta viðhorf er mest áberandi hjá fyrirtækjum í upplýsingatækni (80%), fyrirtækum sem hafa starfsemi í fleiri en einu landi (75%) og þeim sem gera upp í mynt annari en íslenskum krónum (81%). Tiltölulega lítt hluti sjávarútvegsfyrirtækja (39%) er fylgjandi upptöku annars lögeyris en krónunnar.


Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mjög fylgjandi	56	30.4%
Fremur fylgjandi	60	32.6%
Hvorki fylgjandi né andvíg(ur)	25	13.6%
Fremur andvíg(ur)	27	14.7%
Mjög andvíg(ur)	16	8.7%
Fylgjandi	63.0%	
Hvorki né		13.6%
Andvíg(ur)		23.4%
Alls	184	100%



Ársvelta	Fjöldi	Fylgjandi	Hvorki né	Andvígur	Meðaltal
Undir 999 milljónum	58	66.7%	17.5%	15.8%	2.3
1.000-4.999 milljónir	69	61.8%	11.8%	26.5%	2.5
5.000 milljónir eða meiri	57	59.6%	12.3%	28.1%	2.5
Atvinnugrein					
Iðnaði og framleiðslu	28	70.4%	7.4%	22.2%	2.1
Sjávarútvegi	13	38.5%	23.1%	38.5%	2.9
Verslun og þjónustu	52	61.5%	11.5%	26.9%	2.5
Fjármálum eða ráðgjöf	47	70.2%	12.8%	17.0%	2.2
Upplýsingatækni eða fjarskiptum	15	80.0%	13.3%	6.7%	1.7
Aðrar atvinnugreinar	26	52.0%	20.0%	28.0%	2.7
Lýsir starfsemi best					
Eingöngu eða mest í útflutningi	25	48.0%	24.0%	28.0%	2.5
Eingöngu eða mest í innflutningi	30	53.3%	16.7%	30.0%	2.6
Fjölpjóðlegt fyrirtæki, þ.e. er með starfsemi í fleiri en einu landi	57	75.4%	5.3%	19.3%	2.1
Fyrirtækið starfar eingöngu á innlendum markaði	72	61.4%	15.7%	22.9%	2.5
Uppgjörsmýnt					
Íslenskum krónum (ISK)	165	60.7%	14.7%	24.5%	2.5
Aðrir gjaldmiðlar	21	81.0%	4.8%	14.3%	1.8

Spurning 8. Ef íslensk stjórnvöld ákveða að taka upp annan opinberan gjaldmiðil en krónuna, hver af eftirtöldum leiðum telur þú heppilegasta við þá upptöku?

Ef íslensk stjórnvöld ákveða að taka upp annan gjaldmiðil en krónuna er greinilegur meirihluti (86%) fyrir því hjá félögum Viðskiptaráðs að evran verði fyrir valinu. Nokkrir þáttakendur lögðu þó til aðra mynt en evruna, en þar bera hæst svíneski frankinn og bandaríkjadalur. Þeir sem töldu evruna heppilegasta kostinn greinir hinsvegar á um leið, en 44% aðspurðra myndu velja einhliða upptöku evru án aðildar að evrópska myntbandalaginu á meðan 42% myndu kjósa upptöku með aðild að myntbandalaginu eftir inngöngu í Evrópusambandið. Nokkrir þáttakendur nefndu aðrar leiðir við upptöku nýrrar myntar á Íslandi (t.d. að markaðurinn fái að velja mynt með samkeppni gjaldmiðla, myntkörfu, o.fl.) en engu að síður virðist vera samstaða um að upptaka evru sé raunhæfasti kosturinn. Þó svo ekki sé áberandi munur á hvor af ofangreindum leiðum til upptöku evru hérlandis er talin heppilegust, er það helst í fjármálageiranum (53%) og hjá fyrirtækjum í innflutningi (57%) að lið sé á aðild að Evrópusambandinu og myntbandalaginu í kjölfarið sem vænlegan kost. Stuðningur við einhliða upptöku evru er því að sama skapi minnstur í fjármálageiranum (34%) og hjá innflutningsfyrirtækjum (33%) en mestur hjá fyrirtækum í upplýsingatækni og fjarskiptum(60%).




13

Ársvelta	Fjöldi	Einhliða upptaka evru án aðildar að evrópska myntbandalaginu	Aðild að evrópska myntbandalaginu í kjölfar inngöngu í ESB	Upptaka annarrar myntar en evrunnar	Önnur leið	Meðaltal
Undir 999 milljónum	58	50.0%	34.5%	10.3%	5.2%	1.7
1.000-4.999 milljónir	69	37.3%	44.8%	4.5%	13.4%	1.9
5.000 milljónir eða meiri	57	48.2%	42.9%	3.6%	5.4%	1.7
Atvinnugrein						
Iðnaði og framleiðslu	28	50.0%	35.7%	3.6%	10.7%	1.8
Sjávarútvegi	13	50.0%	25.0%	16.7%	8.3%	1.8
Verslun og þjónustu	52	51.0%	41.2%	2.0%	5.9%	1.6
Fjármálum eða ráðgjöf	47	34.0%	53.2%	2.1%	10.6%	1.9
Upplýsingatækni eða fjarskiptum	15	60.0%	26.7%	6.7%	6.7%	1.6
Aðrar atvinnugreinar	26	34.6%	42.3%	19.2%	3.9%	1.9
Lýsir starfsemi best						
Eingöngu eða mest í útflutningi	25	54.2%	20.8%	16.7%	8.3%	1.8
Eingöngu eða mest í innflutningi	30	33.3%	56.7%	3.3%	6.7%	1.8
Fjölpjóðlegt fyrirtæki, þ.e. er með starfsemi í fleiri en einu landi	57	47.3%	40.0%	3.6%	9.1%	1.8
Fyrirtækið starfar eingöngu á innlendum markaði	72	44.4%	41.7%	5.6%	8.3%	1.8
Uppgjörsmynt						
Íslenskum krónum (ISK)	165	42.9%	42.9%	4.9%	9.2%	1.8
Aðrir gjaldmiðlar	21	55.0%	30.0%	15.0%	0.0%	1.6

Spurning 9. Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu því að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu á þessu kjörtímabili?

Ríflega helmingur (51%) þáttakenda í könnuninni var andvígur því að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu á þessu kjörtímabili á meðan tæplega þriðjungur (32%) var fylgjandi slíkri umsókn. Andstaða við aðildarumsókn var heldur meiri hjá stórum fyrirtækjum (63%) en litlum (47%) og meðalstórum (45%). Forsvarsmenn fyrirtækja sem skilgreina aðalstarfsemi sína sem útflutning voru einnig á móti aðildarumsókn (68%) og andstaða í fyrirtækjum í sjávarútvegi var afgerandi (85%).


Svar	Fjöldi	Hlutfall
Mjög fylgjandi	23	12.4%
Fremur fylgjandi	36	19.4%
Hvorki fylgjandi né andvíg(ur)	33	17.7%
Fremur andvíg(ur)	47	25.3%
Mjög andvíg(ur)	47	25.3%
Fylgjandi		31.7%
Hvorki né		17.7%
Andvíg(ur)		50.5%
Alls	186	100.0%



Ársvelta	Fjöldi	Fylgjandi	Hvorki né	Andvíg(ur)
Undir 999 milljónum	58	32.8%	20.7%	46.6%
1.000-4.999 milljónir	69	39.1%	15.9%	44.9%
5.000 milljónir eða meiri	57	21.1%	15.8%	63.1%
Atvinnugrein				
Iðnaði og framleiðslu	28	28.6%	14.3%	57.1%
Sjávarútvegi	13	15.4%	0.0%	84.6%
Verslun og þjónustu	52	28.8%	25.0%	46.2%
Fjármálum eða ráðgjöf	47	38.3%	12.8%	48.9%
Upplýsingatækni eða fjarskiptum	15	46.7%	33.3%	20.0%
Aðrar atvinnugreinar	26	34.6%	15.4%	50.0%
Lýsir starfsemi best				
Eingöngu eða mest í útflutningi	25	24.0%	8.0%	68.0%
Eingöngu eða mest í innflutningi	30	33.3%	30.0%	36.7%
Fjölbjóðlegt fyrirtæki, þ.e. er með starfsemi í fleiri en einu landi	57	35.1%	19.3%	45.6%
Fyrirtækið starfar eingöngu á innlendum markaði	72	31.9%	12.5%	55.6%
Uppgjörsmárt				
Íslenskum krónum (ISK)	165	31.5%	17.0%	51.5%
Aðrir gjaldmiðlar	21	33.3%	23.8%	42.9%

Spurning 10. Þegar litið er til langtíma velferðar íslensks hagkerfis, hvernig myndir þú forgangsraða eftirfarandi verkefnum (frá 1 til 5, þar sem verkefni merkt 1 er mikilvægast)?

Þátttakendur töldu að mikilvægasta verkefni hagstjórnar í landinu væri að halda niðri verðbólgu og viðhalda stöðugum hagvexti. Rúmlega þrír fjórðu allra sem svoruðu töldu þessi tvö verkefni mikilvægust. Önnur verkefni voru talin síður mikilvæg, þ.e. að tryggja lágt vaxtastig, draga úr gengissveiflum og halda atvinnuleysi í lágmarki.



15

Verkefni	Fjöldi	Forgangsröðun					Stigafjöldi *
		1	2	3	4	5	
Halda verðbólgu í skefjum	171	46%	25%	12%	13%	4%	677
Viðhalda stöðugum hagvexti	179	30%	23%	19%	14%	15%	607
Tryggja lágt vaxtastig	176	13%	28%	23%	23%	13%	538
Draga úr gengissveiflum	169	11%	18%	27%	23%	20%	469
Halda atvinnuleysi í lágmarki	173	6%	10%	18%	23%	43%	368

*Stigafjöldi segir til um forgang hvers verkefnis. Því fleiri stig, þeim mun meira áriðandi.



VÍÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS